

FW: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Birgir Gunnarsson
Heiti : FW: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði
Málsnúmer : 2021010062
Málsaðili : Jónína Jóhanna Kristjánsdóttir
Skráð dags : 13.01.2021 08:53:09
Höfundur : Birgir Gunnarsson

Viðhengi [loftmynd.jpeg](#)[loftmynd.jpeg](#)

Sæl Bryndís
Skulum taka þetta inn í bæjarráð næst.

Kær kveðja,
Birgir Gunnarsson bæjarstjóri
450 8024 - 897 3464 - birgir@isafjordur.is

From: Helena Skaptason Jónsdóttir
Sent: mánudagur, 11. janúar 2021 14:04
To: Birgir Gunnarsson
Cc: johanna@snerpa.is
Subject: Re: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Sæll og takk fyrir skjót viðbrögð,

Loftmyndin átti svo sannarlega að fylgja og er hún nú í viðhengi.

Hljýjar kveðjur,
Helena

Helena Jónsdóttir
Verkefnastjóri á Flateyri
Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri
661 7808 - helenaj@isafjordur.is

On Jan 11, 2021, at 13:59, Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is> wrote:

Sæl Helena

Erindið er móttikið og ég skal skoða þetta. Átti ekki að fylgja loftmynd sem sýnir staðsetningu sýningarinnar?

Kær kveðja,
Birgir Gunnarsson bæjarstjóri
450 8024 - 897 3464 - birgir@isafjordur.is

-----Original Message-----

From: Helena Skaptason Jónsdóttir

Sent: mánudagur, 11. janúar 2021 13:55

To: Birgir Gunnarsson <birgir@isafjordur.is>

Cc: johanna@snerpa.is

Subject: Örlaganótt - fyrirspurn um vilyrði fyrir notkun á lóð og svæði

Sæll Birgir,

Verkefnastjóri á Flateyri sendir þér þennan póst í umboði Jóhönnu Kristjánsdóttur en hún vinnur ásamt Katrínu Björk Guðjónsdóttur og fleirum að undirbúningi að einstakri upplifunar- og margmiðlunarsýningu um nóttina örlagaríku árið 1995 er snjóflóð féll á íbúðarhúsið að Unnarstíg 1 á Flateyri. Póstur þessi er sendur í framhaldi af samtali Jóhönnu við Daníel Jakobsson sem lagði til að Verkefnastjóri á Flateyri sendi þennan póst.

Ætlunin er að sýningin verði sett upp í sérhannaðri byggingu sem staðsett verður á lóðinni „Unnarstígur 1“ en þar stóð hús það sem flóðið féll á og ætlunin er að sýningin snúist um. Að auki er gert ráð fyrir nýtingu á opnu svæði í nálægð við húsið og í farvegi þeim sem húsið færðist til á í flóðinu.

Verkefnið hefur nú þegar hlotið styrk til fyrsta verkþáttar í undirbúningi og verða undirbúningsfundur með verkefnahópi haldnir á næstu vikum.

Svo að hefja megi undirbúningsvinnu er nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort að til greina kemur að Ísafjarðarbær fallist á að styðja við verkefnið og gefa jákvætt vilyrði fyrir notkun á þeirri lóð sem um ræðir og umræddu svæði í kring (sjá meðfylgjandi loftmynd þar sem staðsetning sýningarinnar hefur verið merkt inn á með striki).

Þar sem gert er ráð fyrir að undirbúningsvinna hefjist á allra næst vikum er óskað eftir jákvæðu vilyrði um að þetta geti orðið. Ef undirbúningsvinna gefur tilefni til áframhaldandi uppbyggingar á sýningunni verður sótt formlega um leyfi til frekari framkvæmda á ofangreindri lóð og svæði í kring.

Hljýjar kveðjur og bestu þakkir,

f.h. Jóhönnu Kristjánsdóttur og Katrínar Bjarkar Guðjónsdóttur

Helena Jónsdóttir

Verkefnastjóri á Flateyri

Skúrin, samfélagsmiðstöð - Hafnarstræti, Flateyri

661 7808 - helenaj@isafjordur.is